

Siðareglur starfsfólks


Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra

Starfsfólki Samskiptamiðstöðvar ber að:

1. fylgja almennum siðareglum starfsmanna ríkisins auk neðangreindra reglna.
2. standa vörð um táknmálsumhverfi stofnunarinnar með því að setja íslenskt táknmál, menningu þess og siði ávallt í fyrsta sæti.
3. efla vitund um jafnrétti og önnur mannréttindi. Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar mismunar hvorki viðskiptavinum né samstarfsfólki, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, menningar, tungumáls, trúar eða skoðana.
4. halda trúnaði um allt sem það verður áskynja í starfi sínu. Þagnarskyldan er alger nema hún brjóti í bága við landslög/almannaheill. Starfsfólk er bundið þagnarskyldu til æviloka.
5. umgangast allar upplýsingar um viðskiptavinum með aðgát og virðingu, jafnvel þótt um sé að ræða opinberar upplýsingar og meðhöndla þær samkvæmt þeim reglum sem gilda um varðveislu þeirra á hverju fagsviði fyrir sig.
6. auka starfshæfni sína með því að fylgjast með nýjungum á fagsviði sínu.
7. viðhalda faglegri virðingu fagstéttar sinnar með því að vera ávallt til fyrirmyndar í framkomu þegar það miðlar þekkingu fyrir hönd stofnunarinnar.
8. virða samstarfsfólk sitt, styðja það og tala vel um það innan stofnunarinnar sem og utan.
9. virða sérþekkingu og hlutverk annarra fagstétta.

Ofangreindar siðareglur voru unnar af starfshópi um siðareglur fyrir allt starfsfólk Samskiptamiðstöðvar á tímabilinu nóvember 2014 til desember 2015. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands veitti álit og bar starfshópur lokatillögur sínar undir starfsmenn Samskiptamiðstöðvar á stórfundi þann 4. desember 2015. Tillögurnar voru samþykktar einróma.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 13. maí 2016



F.h. stofnunar: Fanney Ingólfssdóttir, aðstoðarforstöðumaður



F.h. starfsmanna: Kristín Lena Þorvaldsdóttir, ábyrgðarmaður starfshóps

